

232. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	22.8.2013	Fundartími:	17.00 – 18.30
Fundarstaður:	Höfðabakki 9, Efla	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Grétar Leifsson (GL), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Kristján Kristjánsson (KK), Benedikt Jónsson (BJ) og Snæbjörn R. Rafnsson (SRR)		
Forföll:	Steinar Gíslason (SG) og Sigurður Sigurðarsson (SS)		

1. Stjórnarfundur nr. 232 settur af formanninum, Grétari Leifssyni.
2. Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.
3. Lofsvert lagnaverki. Verið er að leggja lokahönd á val, og hverjir fá viðurkenningu. KO vantar hugmyndir að aðilum fyrir norðan sem eiga skilið heiðursviðurkenningu.
4. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Farið yfir stöðu mála núna, en ekkert nýtt hefur gerst. Það er verið að skoða hvað sé hægt að gera til að koma miðstöðunni úr þeirri stöðu sem hún er í, í dag. Nefndin sem Lagnafélagið skipaði á sínum tíma hefur ekki orðið ágengt í samskiptum við Tækniskólann. KO leggur fram tillögu um að GL, KO og SRR fjalli um málið. KO mun kalla þá saman til fundar.
5. Óhreinindi í andrúmsloftinu. GL kynnti umræðu sem hann hafi átt við Ólaf Kr. Sigurðsson um brennisteinsmengun frá gufuaflsvirkjunum og hugsanlegum áhrifum á heilsu fólks.
6. Fréttabréf 119 komið út.
7. Ráðstefna um lokafrágang lagnakerfa. Ekki rætt.
8. Greinar í fréttabréfið. KO biður stjórnarmenn um greinar í fréttabréfið. Þarf ekki að vera langt en nauðsynlegt til að koma umræðu af stað innan geirans.
9. Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.